Háplöntuflóra Kröflusvæðisins er vel þekkt og nokkuð gott yfirlit er um tegundir mosa og fléttna. Háplöntur voru fyrst skráðar 1876 en skráningar á mosum og fléttum hófust um 1970. Á svæðinu eru skráðar 139 háplöntutegundir, 79 mosategundir og 50 fléttutegundir. Jarðhitategundin naðurtunga vex á svæðinu og er hún á valista. Þar finnast einnig fjallalójurt og renglutungljurt sem báðar eru með hátt verndargildi. Fjórir jarðhitamosar eru skráðar ásamt tegundinni stigmosa sem er á valista. Fléttan strípamóra er á svæðinu en hún er metin með hátt verndargildi.

Gróðurfar

Gróður- og landgreining var unnin á svarthvítar loftmyndir í mælikvarða 1:36.000 árin 1964–1965. Gefið hefur verið út gróðurland í mælikvarða 1:40.000. Svæði var endurskoðað að mestum hluta á vettvangi árið 2007 á myndkort í mælikvarða 1:15.000.

Tæplega tveir þriðju hlutar svæðisins teljast gróið land, þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Mólendi (47%) þekur mest af flatarmáli svæðisins og er þrír fjórðu hlutar af grónu landi. Önnur gróðursamfélög sem hafa einhverja útbreiðslu eru moslendi (9%), gras- og blómendi (4%) og ræktað land (2%). Votlendi fyrirfinnst varla á svæðinu. Af lítt eða ógrónu landi eru hr (*hraun*) (14%) og me (*melar*) (14%) útbreiddustu landgerðirnar á svæðinu. Talsverða útbreiðslu hafa einnig gt (*stórgrýtt land*), sa (*sandar*) (3%) og sk (*skriður*) (2%).

Gróðurfarslega er svæðið tiltölulega fjölbreytt miðað við einsleita kvistmóa sem einkenna flestar heiðar á þessum slóðum. Ástæða þess er fjölbreytileiki landslagsins á svæðinu. Gróðurþekja er frekar ósamfelld, einkum á ásum ofan við Kröflustöð og sunnan og austan við Sandabotnafjall. Um 30% gróins lands er á hrauni.

Mörg gróðurlendi koma við sögu í mólendinu og ekkert þeirra hefur afgerandi meiri útbreiðslu en annað. Lyngmói er þó í fyrsta sæti hvað flatarmál varðar en þar á eftir koma fléttumói, þursaskeggsmói og fjalldrapamói. Víðimói og starmói hafa talsvert minni útbreiðslu. Í fléttumóanum eru J1 (*fléttur og smárunnar*) og J2 (*grábreyskingur*) með jafn mikla útbreiðslu en gróðurþekja grábreyskingsins er þar meiri en gengur og gerist að jafnaði. Í lyngmóanum er gróðurfélagið B3 (*krækilyng-víðir*) langútbreiddast en B7 (*bláberjalyng-krækilyng-víðir*) er líka nokkuð algengt. E2 (*þursaskegg-smárunnar*) er afgerandi í þursaskeggsmóanum, C1 (*fjalldrapi-bláberjalyng-krækilyng*) í fjalldrapamóanum og G2 (*stinnastör-smárunnar*) í starmóanum.

Moslendið er fyrst og fremst mosagróður, því hælumosi kemur vart fyrir. Ríkjandi gróðurfélög í honum eru A1 (*mosi*) og A4 (*mosi með stinnastör*). Dálítið er um graslendi á svæðinu með H1 (*grös*) og H2 (*grös með störum*) sem ríkjandi gróðurfélög. Talsverð landgræðsla hefur verið stunduð við Kröfluvirkjun, en þar eru kortlagðir samtals 111 ha af gróðurfélaginu R5 (*uppgræðsla með grösum*).

Votlendi á Kröflusvæðinu og á stóru landsvæði í nágrenninu er afskaplega fágætt. Rétt austan við Víti eru þó tvær fágætar tjarnir með votlendisgróðri í kring sem eiga undir högg að sækja vegna borframkvæmda á staðnum.

Smádýr

Könnun á smádýrum hefur eingöngu farið fram á einum stað á Kröflusvæðinu, þ.e. við Hvíthóla sumarið 2002.

Fuglar

Fuglalíf hefur verið kannað nokkuð á þessu svæði, m.a. á hverasvæðinu og í tengslum við hugsanlega orkuvinnslu. Tegundalistinn er sennilega tæmandi en talsvert vantar á að hægt sé að segja til með vissu um dreifingu einstakra tegunda. Alls hafa 18 tegundir varpfugla verið skráðar. Auk algengra mófugla verpa hér ránfuglarnir, fálki, smyrill og eggja- og ungræninginn hrafn og nokkrar tegundir andfugla en mjög strjált.

Fjórar tegundir eru á valista. Grágæs verpir strjált og rjúpur eru víða. Fálki er með eitt óðal innan svæðismarka (Dalfjall) með nokkrum varpstöðum, m.a. í Nónbungum, og norðan Hvíthólaklifs. Þrjú óðul eru að auki í næsta nágrenni (Gæsadalur, Gæsafjöll og Seljadalur). Hrafn er með eitt óðal innan svæðismarka (Dalfjall). Auk þess eru a.m.k. þrjú óðul í næsta nágrenni (sjá umfjöllun um fálka).

4.15.1 Krafla

Plöntur

Góðar upplýsingar eru til um háplöntur á svæðinu en minna er vitað um mosa og fléttur. Frá árinu 1876 hefur þó nokkuð verið skráð af háplöntum við Kröflu, fléttur voru fyrst skráðar 1974 og mosar 1996. Á svæðinu eru skráðar 136 háplöntutegundir, 61 mosategund og 44 fléttutegundir. Válistategundin naðurtunga og renglutungljurt vaxa innan svæðisins og jarðhitamosarnir laugaskrúð, laugaslyðra og laugavendill. Fléttan strípamóra er á svæðinu en hún er metin með hátt verndargildi.

Gróðurfar

Undirsvæðið Krafla er 34,5 km² að flatarmáli sem er um þrjú fjórðu hlutar af Kröflusvæðinu. Rúmlega tveir þriðju hlutar þess teljast gróið land (69%), þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Gróðurfarslega er svæðið mjög fjölbreytt og þekja gróins lands nokkuð samfelld. Um 30% gróins lands er á hrauni.

Mörg gróðurlendi koma við sögu í mólendinu og ekkert þeirra hefur afgerandi meiri útbreiðslu en annað. Lyngmói (16%) er þó í fyrsta sæti hvað flatarmál varðar en þar á eftir koma þursaskeggsmói (11%), mosagróður (10%), fjalldrapamói (10%), fléttumói (7%), graslendi (4%) og víðimói (4%). Í lyngmóanum er gróðurfélagið B3 (*krækilyng-víðir*) langútbreiddast en B7 (*bláberjalyng-krækilyng-víðir*) er líka nokkuð algengt. E2 (*þursaskegg-smárunnar*) er afgerandi í þursaskeggsmóanum, A1 (*mosi*) og A4 (*mosi með smárunnum*) í mosagróðrinum og C1 (*fjalldrapi-bláberjalyng-krækilyng*) í fjalldrapamóanum. Í fléttumóanum eru J1 (*fléttur og smárunnar*) og J2 (*grábreyskingur*) með jafn mikla útbreiðslu. Í graslendinu er H1 (*grös*) ríkjandi og D6 (*grasvíðir*) í víðimóanum. Af lítt eða ógrónu landi eru me (*melar*) og gt (*stórgrýtt land*) útbreiddustu landgerðirnar á svæðinu. Talsverða útbreiðslu hafa einnig sa (*sandar*) og sk (*skriður*).

Smádýr

Könnun á smádýrum fór fram við Kröflu (Hvíthóla) sumarið 2002. Það var gengið eins langt í úrvinnslu og greiningu og komist varð og gaf könnunin tegundalista upp á 134 tegundir.

Smádýralíf við Hvíthóla má teljast fjölskrúðugt. Tegundirnar eru almennt algengar og útbreiddar á landinu en samt er meira láglendisyrfirbragð á fánunni en búast hefði mátt við ef

horft er til legu svæðisins. Nokkuð ljóst er að jarðhitinn kann að stuðla að því. Um allmargar tegundir er að ræða sem notfæra sér aðstöðuna sem jarðhitinn býður upp á. Tvær tegundir teljast fágætar, þ.e. grímutíta *Acalypta nigrina* og lænuló *Maso sundevalli*.

Fuglar

Fuglalíf hefur verið nokkuð rannsakað á þessum slóðum. Tegundir eru nánast þær sömu og á yfirsvæðinu, sjá umfjöllun um það. Tegundir varpfugla eru taldir vera 16 og válistategundir þær sömu.

4.15.2 Leirhnjúkur

Plöntur

Meginskráning háplantna og mosa við Leirhnjúk var gerð árið 2006 en einnig eru til eldri skráningar, allt frá árinu 1933. Fléttum hefur verið safnað í tvígang á árunum 1990 og 2006. Upplýsingar um háplöntur og mosa þykja gefa góða mynd af þeim tegundum sem er að finna á svæðinu en frekari upplýsingar vantar um fléttur. Á svæðinu eru skráðar 50 háplöntutegundir, 48 mosategundir og 16 fléttutegundir. Jarðhita- og válistategundin naðurtunga vex á svæðinu. Einnig fjallalójurt og renglutungljurt sem báðar eru með hátt verndargildi. Fjórar tegundir jarðhitamosa eru skráðar og ein mosategund á válista.

Gróðurfar

Undirsvæðið Leirhnjúkur er 11,0 km² að flatarmáli sem er fjórðungur af Kröflusvæðinu. Vel innan við helmingur þess telst gróið land (43%), þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Gróðurfarslega er svæðið þó nokkuð fjölbreytt en þekja gróins lands er ósamfelld. Um 83% gróins lands er á hrauni.

Af gróna landinu hefur fléttumói (21%) mesta útbreiðslu og lyngmói (12%) er einnig afgerandi mikill á svæðinu. Minna áberandi eru mosagróður (5%) og þursaskeggsmói (3%). Í fléttumóanum eru gróðurfélögin J1 (*fléttur og smárunnar*) og J2 (*grábreyskingur*) með álíka mikla útbreiðslu. B3 (*krækilyng-víðir*) er afgerandi í lyngmóanum, A4 (*mosi með smárunnum*) og A1 (*mosi*) í mosagróðrinum og E2 (*þursaskegg-smárunnar*) í þursaskeggsmóanum. Af lítt eða ógrónu landi er mestur hlutinn hr (*hraun*).

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Fuglalíf hefur ekki verið kannað skipulega á þessu svæði en það er talið fremur strjált og fábrotið og einkennast af algengum mófuglum. Sjö tegundir gætu orpið og er rjúpa sú eina sem er á válista.

4.16 Námafjall

Háhitasvæðið við Námafjall er um 17 km² að flatarmáli og liggur norðaustur af Mývatni í 300–560 m h.y.s.

Plöntur

Svæðið við Námafjall er vel þekkt hvað varðar háplöntur. Mosategundir eru nokkuð vel þekktar en lítið er vitað um fléttur. Fyrstu skráningar háplantna eru frá árinu 1895 en flestar tegundir mosa og fléttna eru skráðar árið 2006. Á svæðinu eru skráðar 133 háplöntutegundir, 45 mosategundir og 14 fléttutegundir. Válistategundin naðurtunga vex við jarðhita. Einnig eru nokkrar háplöntur með hátt verndargildi innan svæðisins, s.s. dvergtungljurt, keilu-

tungljurt, línstör og renglutungljurt. Sex tegundir jarðhitamosa eru skráðar og hæruburst og laugahnappur eru á válista.

Gróðurfar

Gróður- og landgreining var unnin á svarthvítar loftmyndir í mælikvarða 1:36.000 árin 1964–1965 og að hluta til á svarthvítar stækkaðar loftmyndir í 1:20.000 árið 1974. Gefin hafa verið út gróðurkort í mælikvarða 1:40.000. Svæði var endurskoðað að hluta til á vettvangi árið 2007 á myndkort í mælikvarða 1:15.000.

Tveir þriðju hlutar svæðisins eru gróið land þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Útbreiddustu gróðursamfélögin eru mólendi (30%) og gras- og blómlendi (21%). Talsvert er einnig af skóg- og kjarrlendi (7%) á svæðinu ásamt moslendi (5%) og ræktuðu landi (4%). Votlendi fyrirfinnst ekki. Lítt eða ógróið land er þriðjungur af flatarmáli svæðisins. Gróðurleysið er mest við Námafjall-Bjarnarflag og á ásum í fjallendinu þar upp af. Víðáttumesta landgerðin er me (*me*) 16%, en aðrar landgerðir sem hafa einhverja útbreiðslu eru hv (*hveraleir*) (6%), sk (*skriður*) (4%), vi (*vikrar*) (3%) og gt (*stórgrýtt land*) 2%.

Segja má að svæðið sé grösugt kvistlendi. Það er nokkuð vel gróið og gróðurfarið er fjölbreytt. Ríflega helmingur af gróna landinu er algróinn en aðrir hlutar þess eru mjög mismunandi vel grónir. Um 42% gróins lands er á hrauni, einkum mosagróður, fjalldrapamói og graslendi.

Graslendi, fjalldrapamói og lyngmói eru útbreiddustu gróðurlendin á svæðinu. Talsvert er um birkikjarr og mosagróður ásamt uppgræðslu með grösom. Í graslendinu er H3 (*grös með smárunnum*) útbreiddasta gróðurfélagið en mun minna er af H1 (*grös*). Gróðurfélagið C1 (*fjalldrapi-bláberjalyng-krækilyng*) er ríkjandi í fjalldrapamóanum en talsvert er um C3 (*fjalldrapi-víðir*). Gróðurfarið í lyngmóanum er fjölbreytt, en útbreiddasta gróðurfélagið er B6 (*holtasóley-krækilyng-víðir*) sem vex oftast með gisna gróðurþekju á jarðvegslitlum kollum sem eru áveðra. Í mosagróðrinum er gróðurfélagið A8 (*mosi með grösom og smárunnum*) langútbreiddast.

Smádýr

Á árunum 1998 og 1999 fóru fram rannsóknir á smádýralífi á svæðinu, á Námafjalli og við Jarðbaðshóla. Hvorki tegundalisti né raunverulegur tegundafjöldi liggur fyrir því æðvængjur og tvívængjur voru flestar greindar til flokkunareininga fyrir ofan tegund, þ.e. ættar eða jafnvel hærri einingar. Smádýr voru veidd í fallgildrum við jarðhita og einnig á kaldari viðmiðunarstöðum. Ef einungis er horft til afla gildra sem settar voru niður í heitan jarðveg veiddu þær að lágmarki 44 tegundir smádýra.

Niðurstöður á þessu stigi úrvinnslu gefa ekki tilefni til vangaveltna. Bjöllur og köngulær voru að mestu leyti tegundagreindar. Aðeins ein tegund köngulóa vekur athygli vegna fágætis, þ.e. dvergekönguló *Theonoe minutissima*.

Fuglar

Fuglalíf er mjög vel þekkt við Mývatn og hefur verið fylgst náið með því um áratugaskeið, en þá fyrst og fremst með þeim tegundum sem byggja afkomu sína á vatninu og nálægum votlendum. Einnig hefur fuglalíf verið kannað nokkuð á hverasvæðinu og nálægum slóðum í tengslum við orkunýtingu. Tegundalistinn er því tæmandi. Um 14 tegundir verpa á þeim hluta svæðisins sem afmarkast af hinu svokallaða viðnámssvæði en allt að 25 tegundir bætast við ef Ytri-Flói Mývatns er tekin með. Á minna svæðinu eru það fyrst og fremst algengir mófuglar sem setja svip sinn á fuglafánuna en einnig er þar fálkavarp. Við Ytri-Flóa eru

votlendisfuglar af ýmsum toga ríkjandi, þar á meðal nokkrar tegundir sem eru að mestu leyti bundnar við Mývatn og verpa lítið annars staðar á landinu. Þeirra á meðal eru margar sjaldgæfar tegundir sem eru á válista.

Tegundir á válista eru tólf. Himbrimi, grágæs, gargönd, grafönd, hrafnönd, húsönd, flórgoði, skutlönd og skeiðönd verpa fyrst og fremst við Ytri-Flóa.

Fálkaóðul eru víða innan svæðismarka (Dalbjall) með tveimur varpstöðum (Syðri–Námakolla og Jarðbaðshólar). Tvö önnur óðul eru í nágrenninu í Búrfellshrauni og Dimmuborgum. Rjúpa verpir víða og hrafn er með eitt óðal innan svæðismarka (sjá umfjöllun um fálka). Brunaborg er líklega hluti af sama óðali. Auk þess a.m.k. tvö önnur óðul eru í nágrenninu (Seljadalur og Dimmuborgir).

4.17 Gjástykki

Háhitasvæðið í Gjástykki liggur norður af Mývatni og er í sprungurein Kröflukerfisins. Svæðið er um 11 km² að stærð og í 390–540 m h.y.s.

Plöntur

Plöntur voru skráðar á svæðinu árið 2007. Upplýsingar eru taldar endurspegla háplöntur og mosa nokkuð vel en frekari upplýsingar vantar um fléttur til að fá heildstæða mynd. Á svæðinu eru skráðar 49 háplöntutegundir, 30 mosategundir og 11 fléttutegundir. Jarðhita- og válistategundin naðurtunga vex á svæðinu. Þrjár jarðhitategundir eru skráðar ásamt válistategundunum hæruburst og skurðhökli.

Gróðurfar

Gróður- og landgreining var unnin á svarthvítar loftmyndir í mælikvarða 1:36.000 árið 1965. Gefið hefur verið út gróðurlandkort í mælikvarða 1:40.000. Gróðurlandkortlagning var að hluta til endurskoðuð 2007 á myndkort í mælikvarða 1:15.000.

Einungis 18% svæðisins telst vera gróið land þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Mólendi (14%) er langútbreiddasta gróðursamfélagið en svolítið er af moslendi (3%) og gras- og blómlendi (2%). Votlendi fyrirfinnst ekki á svæðinu. Nær allt lítt eða ógróna landið er hr (*hraun*), þ.e. Leirhnjúkshraun, en me (*melar*) (4%) og gt (*stórgrýtt land*) (1%) koma fyrir í Hvannstóðshöfða við jaðar hraunsins.

Af þeim litla gróðri sem er á svæðinu er þrjár fjórðu hlutar á hrauni og gróðurþekja er nokkuð samfelld. Í mólendinu er lyngmóinn algengastur en einnig er talsverður fjalldrapamói. Útbreiddasta gróðurfélag lyngmóans er B3 (*fjalldrapi-víðir*), en í fjalldrapamóanum er það C1 (*fjalldrapi-krækilyng-bláberjalyng*). Moslendið er að mestu hélumosi A10 (*hélumosi með grávíði*) en mosagróður kemur fyrir. Graslendið er eingöngu H3 (*grös með smárunnum*).

Smádýr

Upplýsingar um smádýr vantar.

Fuglar

Meirihluti þessa svæðis er nýbrunnið og lítt gróið hraun. Fuglalíf hefur verið kannað sérstaklega í tengslum við háhitanýtingu, auk þess sem farið er árlega hér um til að huga að fálkavarpum og eru þá aðrir fuglar skráðir samhliða. Allt að 11 tegundir fugla verpa á þessu svæði og kemur það e.t.v. á óvart þegar horft er þar yfir úr fjarlægð. Eins og víðast hvar eru

Það algengir mófuglar sem eru best áberandi, en einnig verpa þar ræningjarnir þrír: fálki, smyrill og hrafn.

Þrjár tegundir eru á valista. Fálki er með eitt óðal að hluta innan svæðismarka (tveir varpstadir) og verpa þar fálkar tíðum. Rjúpa verpir einnig og hrafn er með eitt óðal í Bunguvegg.

4.18 Þeistareykir

Háhitasvæðið á Þeistareykjum er um 48 km² og er í 30–540 m h.y.s.

Plöntur

Góðar upplýsingar eru til um háplöntur á Þeistareykjum og þekking á mosum og fléttum er nokkuð góð. Flestu tegundirnar voru skráðar á árunum 1964 og 1974 og eftir 2000. Alls er skráð 171 háplöntutegund, 48 mosategundir og 68 fléttutegundir. Naðurtunga vex við jarðhita og klettaborkni finnst í gjótum, báðar þessar tegundir eru á valista. Jarðhitamosarnir lauganistill og laugaslyðra vaxa á svæðinu. Ein fléttutegund á valista er skráð og önnur telst með hátt verndargildi.

Gróðurfar

Gróður- og landgreining var unnin á svarthvítar loftmyndir í mælikvarða 1:36.000 árið 1964–1965. Gefið hefur verið út gróðurskort í mælikvarða 1:40.000 sem nær lítillega inn á svæðið. Gróðurskortlagning var endurskoðuð 2007 á myndkort í mælikvarða 1:15.000.

Um tveir þriðju hlutar svæðisins teljast vera gróið land, þ.e. land með meira en 10% gróðurþekju. Útbreiddasta gróðursamfélagið er mólendi (59%) en gras- og blómlendi (5%) er nokkuð og moslendi (1%) kemur fyrir. Votlendi er einungis 1 ha á öllu svæðinu. Þriðjungur af svæðinu er lítt eða ógróið land. Útbreiddasta landgerðin er hr (*hraun*) (17%) í uppblástursgeiranum vestan við Bæjarfjall og me (*melar*) (12%) eru einkennandi uppi á Bæjarfjalli og Kvíhólafjöllum. Aðrar landgerðir sem koma fyrir hafa mjög litla útbreiðslu en þær eru sah (*sandorpið hraun*), hvl (*hveraleir*), mo (*moldir*), sk (*skriður*), gt (*stórgrýtt land*), kl (*klettur/klappir*) og av (*vatn*).

Gróðurfar á svæðinu einkennist af stóru og miklu samfelldu grónu flæmi lyng- og fjalldrapamóa á flatlendi og graslendi í hlíðum og við hlíðarrætur. Mólendi, þ.e. lyngmói og fjalldrapamói, ásamt fléttumóa og víðimóa þekur, eins og fyrr greinir, liðlega helming af flatarmáli svæðisins. Gróðurfar lyngmóans er mjög fjölbreytt og þar koma mörg gróðurfélög við sögu. Mesta útbreiðslu hafa B2 (*krækilyng-bláberjalyng-sauðamergur*) og B6 (*holtasóley-krækilyng-víðir*) en í kjölfar þeirra með talsvert mikla útbreiðslu koma B1 (*krækilyng-bláberjalyng-fjalldrapi*) og B3 (*krækilyng-víðir*). Í fjalldrapamóanum eru C3 (*fjalldrapi-víðir*), C8 (*fjalldrapi-beitilyngi-krækilyng*) og C2 (*fjalldrapi-þursaskegg-grös*) ríkjandi gróðurfélög. Gróðurfélagið J1 (*fléttur og smárunnar*) er einrátt í fléttumóanum og D3 (*loðvíðir-grávíðir*) er útbreiddast í víðimóanum.

Þó að graslendi sé einkennandi í gróðurfari á svæðinu er útbreiðsla þess ekki sérlega mikil. Álfka mikil að flatarmáli eru gróðurfélögin H1 (*grös*) og H3 (*grös með smárunnum*). H4 (*melgresi*) er nokkuð áberandi við jaðar uppblástursgeirans vestan við Bæjarfjall.

Smádýr

Könnun á smádýrum fór fram sumarið 2001 og var gengið eins langt í úrvinnslu og greiningu og komist varð. Könnunin gaf tegundalista upp á 171 tegund.

Ekki fer á milli mála að svæðið býður upp á afar fjölskrúðugt smádyralíf sem þó einkennist af algengum og almennt útbreiddum tegundum. Engin þeirra er háð jarðhita á nokkurn hátt en tegund eins og laugasmiður *Pterostichus diligens* líkar hitinn og rakinn vel. Þrjár fágætar tegundir ber að nefna, þ.e. grímutítu *Acalypta nigrina*, lænuló *Maso sundevalli* og álfaló *Wabasso questio*.

Fuglar

Fuglalíf hefur verið kannað talvert á Þeistareykjum, m.a. á hverasvæðinu. Tegundalistinn er sennilega tæmandi og auk þess hafa mófuglar verið taldir á sniðum. Alls eru 17 tegundir líklegir varpfuglar. Eru það fyrst og fremst algengar tegundir mófugla, svo sem heiðlóa, þúfutittlingur og snjóttittlingur. Fuglalíf telst fjölbreytt miðað við legu þessa svæðis. Stelkur verpur við Þeistareyki og er það óvenjulegt svo hátt yfir sjó en votlendi, hin fornu tún á Þeistareykjum og e.t.v. jarðhitinn stuðla að varpi þessarar tegundar á svæðinu. Þrjár tegundir eru á valista. Fálki er með eitt óðal að hluta innan svæðismarka (Bæjarfell). Annað óðal er í nágrenninu (Miðveggur – Guðfinnugjá). Talsvert rjúpnararp er á þessu svæði. Hrafn er með eitt óðal að hluta til innan svæðismarka (Bæjarfell). Annað óðal er litlu norðar (Guðfinnugjá).

5 SAMANTEKT

Háhitasvæðin sem hér eru til umfjöllunar eru mismunandi að umfangi og þekking á einstökum náttúrufarsþáttum afar misjöfn bæði á milli og innan svæða (5. tafla). Ekkert svæðanna hefur verið skoðað í heild sinni í þeim tilgangi að skrá tegundir eða kortleggja gróður og landgerðir. Upplýsingarnar sem fyrir liggja eru í flestum tilfellum af afmörkuðum stöðum en gefa þó í mörgum tilfellum raunhæfa mynd af þeim tegundum og gróðurfari sem finnast á svæðunum.

5.1 Þekking á náttúrufarsþáttum

Plöntur

Þekking á háplöntum er talin góð í langflestum tilfellum og endurspeglar vel tegundir sem finnast á viðkomandi svæði (5. tafla). Upplýsingar um tegundir mosa er í flestum tilfellum metin góð eða nokkur. Þekking á fléttum er talin lítil eða nokkur í flestum tilfellum og víða er hún ekki talin endurspegla þær tegundir sem vaxa á viðkomandi svæði. Ekki reyndust vera fyrir hendi skráningar yfir tegundir plantna við Sandfell í Krýsuvík, við Bitru við Hengil og í Efri-Hveradölum í Kerlingarfjölum. Auk þess voru ekki til skráningar yfir mosa og fléttur við Trölladyngju við Krýsuvík og á Nesjavöllum við Hengil og engar upplýsingar eru til um fléttur í Hverahlíð við Hengil. Langflest háhitasvæðin voru rannsökuð á árunum 2005–2008 og tegundir skráðar en á flestum svæðum voru einnig til eldri skráningar (1. viðauki, Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2009).

Gróðurfar

Á gróðurkortum er gróður kortlagður í gróðurfélög eftir ríkjandi eða einkennandi tegundum. Gróðurkortin gefa almennt gott yfirlit yfir gróðurfar svæða. Til eru útgefin gróðurkort eða önnur gróðurkortagögn af öllum háhitasvæðum og undirsvæðum sem hér eru til umfjöllunar. Gæði gagna eru samt mjög mismunandi eftir því hve gömul þau eru og hversu mikið gróðurfar hefur breyst í tímans rás. Út frá þessum þáttum sem ráða gæðum gróðurkortagagnanna er þekking á gróðurfari jarðhitasvæðanna metin (5. tafla).

Smádýr

Þekking á smádýrum á jarðhitasvæðum landsins er fjarri því að vera ásættanleg (5. tafla). Nokkur svæði hafa þó verið rannsökuð á viðunandi hátt og ber þar að nefna Reykjanes, Hengil, Kröflu og Þeistareyki. Þó könnun hafi fari fram á Námafjalli eru niðurstöðurnar rýrar þar sem skammt var gengið í tegundagreiningum. Á nokkrum svæðum að auki hefur söfnun smádýra verið tilviljanakennd og alls engin á öðrum. Jarðhiti er eitt af sérkennum Íslands og mikilvægt að bæta þekkingu á smádýralífi þeirra.

Fuglar

Fuglalíf er tiltölulega vel þekkt á háhitasvæðum suðvestanlands (að Brennisteinsfjölum undanskildum) og á háhitasvæðunum við Mývatn (5. tafla). Litlar upplýsingar liggja fyrir um fugla á þeim svæðum sem hæst liggja, fyrir utan Hveravelli og Landmannalaugar. Í þeim tilvikum sem gögn vantaði var reynt að geta í eyðurnar út frá þekkingu á sambærilegum svæðum og með því að skoða gróðurkort (13. viðauki).

5. tafla. Þekking á náttúrufræðistofnum innan háhitasvæða og undirsvæða. Þekking var metin sem engin, lítil, nokkur eða góð.

Svæði Undirsvæði	Háplöntur	Mosar	Fléttur	Gróðurkort	Smádýr	Fuglar
Reykjanes	Góð	Góð	Nokkur	Góð	Góð	Góð
Svartsengi-Eldvörp	Góð	Nokkur	Lítill	Góð	Engin	Nokkur
Krýsuvík	Góð	Góð	Lítill	Góð	Engin	Góð
Sandfell	Engin	Engin	Engin	Góð	Engin	Nokkur
Seltún	Góð	Góð	Lítill	Góð	Lítill	Góð
Trölladyngja	Nokkur	Engin	Engin	Góð	Engin	Góð
Austurengjar	Góð	Lítill	Lítill	Góð	Engin	Góð
Brennisteinsfjöll	Góð	Nokkur	Lítill	Nokkur	Engin	Nokkur
Hengill	Góð	Góð	Góð	Góð	Nokkur	Góð
Hverahlíð	Nokkur	Nokkur	Engin	Nokkur	Engin	Nokkur
Hellisheiði	Góð	Góð	Lítill	Góð	Góð	Nokkur
Nesjavellir	Nokkur	Engin	Engin	Góð	Engin	Góð
Bitra	Engin	Engin	Engin	Góð	Engin	Nokkur
Ölkelduháls	Góð	Góð	Lítill	Góð	Góð	Nokkur
Grændalur	Góð	Góð	Góð	Nokkur	Lítill	Góð
Geysir	Góð	Góð	Lítill	Nokkur	Nokkur	Góð
Kerlingarfjöll	Nokkur	Nokkur	Nokkur	Lítill	Engin	Lítill
Hveradalir	Góð	Góð	Góð	Lítill	Engin	Lítill
Efri-Hveradalir	Engin	Engin	Engin	Lítill	Engin	Engin
Hverabotn	Góð	Góð	Góð	Lítill	Engin	Engin
Hveravellir	Góð	Góð	Nokkur	Nokkur	Engin	Góð
Köldukvíslarbotnar	Góð	Góð	Lítill	Nokkur	Lítill	Lítill
Vonarskarð	Góð	Góð	Lítill	Lítill	Engin	Lítill
Torfajökull	Góð	Nokkur	Lítill	Lítill	Lítill	Nokkur
Blautakvísl	Góð	Nokkur	Lítill	Lítill	Engin	Lítill
Vestur-Reykjadalir	Góð	Nokkur	Lítill	Lítill	Engin	Lítill
Austur-Reykjadalir	Góð	Nokkur	Lítill	Lítill	Engin	Engin
Jökultungur	Góð	Nokkur	Lítill	Lítill	Engin	Engin
Landmannalaugar	Góð	Góð	Lítill	Lítill	Nokkur	Góð
Kaldaklof	Góð	Nokkur	Lítill	Lítill	Engin	Engin
Kverkfjöll	Góð	Góð	Góð	Nokkur	Engin	Lítill
Askja	Góð	Góð	Nokkur	Lítill	Engin	Lítill
Fremrinámar	Nokkur	Nokkur	Lítill	Lítill	Engin	Engin
Kröflusvæði	Góð	Nokkur	Nokkur	Góð	Nokkur	Góð
Krafla	Góð	Nokkur	Nokkur	Góð	Góð	Góð
Leirhnjúkur	Góð	Góð	Lítill	Nokkur	Engin	Lítill
Námafjall	Góð	Nokkur	Lítill	Nokkur	Góð	Góð
Gjástykki	Nokkur	Nokkur	Lítill	Góð	Engin	Nokkur
Þeistareykir	Góð	Nokkur	Nokkur	Góð	Góð	Góð

5.2 Fjölbreytileiki tegunda og gróðurfélaga

Fjöldi skráðra tegunda innan hvers svæðis og undirsvæðis er nokkuð misjafn og tengist stærð viðkomandi svæðis en ekki síður hve mikið og víða hefur verið farið um svæðið (4. tafla). Líffræðilegur fjölbreytileiki er notaður sem einn helsti mælikvarði á gæði vistkerfa og einfaldasta leiðin til að meta hann er að horfa til fjölda tegunda innan svæðis og er það sú nálgun sem hér er notuð. Hins vegar er ljóst að mun æskilegra væri að horfa einnig til magns

eða tíðni tegunda til að kanna hve jöfn dreifing er á meðal tegunda. En gögnin sem hér eru sett fram bjóða ekki upp á þá nálgun.

Plöntur

Á heildarsvæðunum eru flestar háplöntutegundir skráðar við Hengil, í Krýsuvík og við Torfajökul sem eru stærstu svæðin en þar er þekking á flórunni einnig góð (3. mynd, 4. tafla). Fæstar tegundir háplantna eru hins vegar skráðar á hálendari svæðum, má þar nefna Fremrináma, Gjástykki og Öskju en þekking á þessum svæðum er nokkur eða góð.

Flestar mosategundir eru skráðar við Hengil, á Hveravöllum og í Krýsuvík og á þessum svæðum er þekking góð. Fæstar tegundir eru í Kverkfjöllum, Fremrinámum og Gjástykki. Á þessum svæðum er þekking á mosum nokkur eða góð.

Fléttur eru vel þekktar við Hengil og á Þeistareykjum og þar eru flestar tegundir skráðar. Fæstar tegundir eru skráðar í Öskju og á Reykjanesi þar sem þekking á fléttuflórunni er nokkur og gefa því upplýsingar raunsæja mynd af fléttuflóru þeirra svæða.

Gróðurfar

Gróðursamfélög og landgerðir eru misjöfn eftir svæðum (2. og 4. tafla). Eins og áður hefur komið fram eru svæðin misjafnlega stór og má vænta þess að á stærri svæðum finnist fleiri gróðurfélög. Einstök undirsvæði eru allt frá því að vera 0,1 km² og upp í svæði eins og Torfajökul sem nær yfir rúmlega 270 km². Þó að fjöldi gróðurfélaga og landgerða geti gefið vísbendingu um fjölbreytileika gróðurs er erfitt að bera saman og meta hann eingöngu á þessum forsendum. Einnig þarf að hafa í huga hversu mörgum og mismunandi gróðurlendum gróðurfélög viðkomandi svæðis tilheyra og taka tillit til hversu stór hluti tilheyrir hverju gróðurlendi.

Ef reynt er að hafa þetta í huga má varlega draga þá ályktun að Geysir sé eitt fjölbreyttasta svæðið hvað gróðurfar varðar. Fjöldi gróðurfélaga er ekki eins mikill og t.d. við Hengil en þau skiptast nokkuð jafnt á milli gróðurlenda eða gróðursamfélaga og ekkert eitt gróðurlendi á Geysissvæðinu er afgerandi stærst (8. og 14. viðauki). Til samanburðar má líta á svæðið við Hengil sem hefur flest gróðurfélög. Þar tilheyrir vel rúmlega helmingur af flatarmáli gróins lands mosagróðri og um fjórðungur graslendi. Flatarmál annarra gróðurlenda nær í fæstum tilfellum meira en einu prósentu af grónu landi. Hér verður einnig að hafa í huga að einstök undirsvæði Hengilsins eru fjölbreyttari en önnur og sem dæmi má nefna Grændal, Bitru og Ölkelduháls þar sem tiltölulega fjölbreytt votlendi á þessum svæðum eykur til muna gildi þeirra.

Af þessum dæmum má vera ljóst að erfitt er að meta fjölbreytileika gróðurfélaga eingöngu út frá fjölda þeirra á hverju svæði.

Smádýr

Óraunhæft er að fara út í markvissan samanburð á smádýralífi háhitasvæðanna því staða þekkingar er svo breytileg og aðstæður á svæðunum sömuleiðis. Þar sem kannanir hafa farið fram hafa sýnatökur sjaldnast verið samræmdar. Því er samanburður á svæðum erfiður auk þess sem úrvinnsla er á mismunandi stigum. Fjölbreytileiki smádýrategunda er einnig háður því við hve fjölbreyttar aðstæður sýnum hefur verið safnað.


Það má sjá af gögnunum að gróðursnaud jörð á háhitasvæðum hefur lítið aðdráttarafli fyrir smádýr og hár hiti er þeim einnig óhagstæður. Fáeinar undantekningar eru á þessu, þ.e. laugaflugan *S. t. thermarum*, tvívængjan *Lispe consanguinea* og laugakönguló *Pirata*

piraticus. Þegar dregur úr áhrifum jarðhitans laðast að ýmsar tegundir smádyra, sumar sjaldgæfar eins og gengur. Sumar færast ofar í land en þeirra er háttur undir venjulegum kringumstæðum. Slíkt má m.a. sjá af niðurstöðum frá Kröflu. Rætt hefur verið um þessi áhrif á öðrum vettvangi (Erling Ólafsson 2000). Af því sem fram hefur komið af samantektunum hér að framan má helst draga þá ályktun að á Þeistareykjum sé smádyralíf einkar blómlegt en þar fundust flestar tegundir samanborið við önnur svæði þar sem þekking á smádyrum er talin ásættanleg (4. tafla).


Fuglar

Alls er talið að 58–67 tegundir fugla hafi orpið á háhitasvæðunum 18 (13. viðauki) Hærri talan er miðuð við að mörk háhitasvæðis við Námafjall nái út í Ytri-Flóa Mývatns enda fellur heitt vatn þangað. Enginn þessara fugla er bundinn við hverasvæði eða háður þeim, að undanskildum hinum þjóðsagnakenndu hverafuglum sem ekki eru til umfjöllunar í þessari skýrslu. Fjöldi varpfugla er mjög misjafn á einstökum háhitasvæðum eða allt frá 1–39 tegundir (4. tafla). Fuglalíf er fjölskrúðugast á þeim fimm svæðum sem liggja lægst (3. mynd). Einnig er allfjölskrúðugt fuglalíf við Eldvörp-Svartsengi á Reykjanesi, Hveravöllum og við Torfajökul. Minnst er fuglalífið á þeim sjö hálendisvæðum er liggja hæst og eru gróðurminnst og yfirleitt þurrland: Brennisteinsfjöll, Kerlingarfjöll, Köldukvíslarbotnar, Vonarskarð, Kverkfjöll, Askja og Fremrinámar.

Mjög sterkt samband er milli fjölda varpfugla og hæðar yfir sjó og fækkar þeim ört eftir því sem háhitasvæðin liggja hærra yfir sjó (4. mynd). Ekkert samband er á milli stærðar einstakra háhitasvæða og fjölda varpfugla.



3. mynd. Flokkun svæða með tilliti til fjölbreytileika tegunda á 18 háhitasvæðum.



4. mynd. Fjöldi fuglategunda eftir hæð yfir sjó.

5.3 Fágætar tegundir og gróðurfélög

Plöntur

Á svæðunum fundust átta háplöntutegundir sem eru skráðar á válista og sjö jarðhitategundir (5.–7. viðauki). Mosategundir á válista voru 16, jarðhitamosar níu og fimm tegundir fléttna eru á válista.

Flestar tegundir plantna sem skilgreindar eru sem jarðhitategundir, tegundir með hátt verndargildi eða eru á válista er að finna við Hengil, Torfajökul, Krýsuvík og Geysi (5. mynd). Á svæðunum við Hengil og Torfajökul eru fjölbreyttar aðstæður sem skapa skilyrði bæði fyrir þurrlandis- og votlendisgróður. Þessi svæði eru þar að auki langstærstu svæðin. Háhitasvæðið í Kverkfjöllum skar sig úr en þar voru engar slíkar tegundir var að finna.

Jarðhitategundirnar naðurtunga og grámygla komu fyrir á flestum svæðanna. Naðurtunga er á válista og flokkuð sem tegund í yfirvofandi hættu (María Harðardóttir o.fl. 2008). Tegundin vex eingöngu í volgum jarðvegi, bæði ein og sér í leirflögum eða með öðrum tegundum (Hörður Kristinsson 1998). Hún er sjaldgæf á heimsvísu, vex á Azoreyjum og strand- og eyríkjum Evrópu. Grámygla hefur hátt verndargildi. Hún vex í volgum og heitum leirflögum eða mosabreiðum við hveru og laugar (Hörður Kristinsson 1998). Flestir fundarstaðir eru á Suðvesturlandi, frá Borgarfirði um Reykjanesskaga og inn á Torfajökulssvæðið (Hörður Kristinsson o.fl. 2007). Jarðhitamosarnir laugaskrúð, laugaslyðra og laugavendill koma einna oftast fyrir á svæðunum öllum.

Gróðurfur

Í umfjöllun um gróðurfur á hverju svæði er tekið fram ef gróðurfélög sem koma fyrir eru fágæt. Einnig er tekið fram ef gróðurfarið í heild þykir sérstakt á svæðisvísu án þess að um sérstæð gróðurfélög sé að ræða. Gróðurfarið getur t.d. verið sérstætt á ákveðnu svæði vegna

sérstæð gróðurfélög sé að ræða. Gróðurfarið getur t.d. verið sérstætt á ákveðnu svæði vegna þess að þar er ekkert votlendi til staðar. Á sumum svæðanna eru volgrur í votlendi en misjafnt er hvort áhrif jarðhitans gætir á tegundasamsetningu þess. Það kemur þó fyrir en þá yfirleitt á mjög takmörkuðu svæði. Almennt er ekki tekið fram ef gróður er sérstakur vegna áhrifa frá jarðhita, þar sem að það kemur ekki fram á gróðurkortunum í þeim mælikvarða sem þau eru unnin í hér. Þau gróðurfélög sem geta talist fágæt eru gjarnan staðbundin og eru almennt ekki til í hefðbundnum gróðurlykli Náttúrufræðistofnunar. Fjögur gróðurfélög eru talin vera fágæt á háhitasvæðunum og er eitt þeirra (T4) í hefðbundnum gróðurkortalykli Náttúrufræðistofnunar.

A21 (*mosi á jarðhita og blóðberg*) er eina gróðurfélagið þar sem sérstakur jarðhitagróður var afmarkaður á gróðurkortu. Í því tilfelli (Reykjanes) var það mögulegt þar sem kortlagt var í stórum mælikvarða (1:5000). Tildurmosar og skrautmosar eru ríkjandi í sverði en blóðberg er víða áberandi. Algengar fylgitegundir eru skriðlíngresi, vegarfi, skarífífill og skammkrækill. Gróðurfélagið var greint við Gunnhver á Reykjanesi.

B11 (*einir-krækilyng-beitilyng*) er sérstakt staðbundið gróðurfélag. Einir nær sjaldan það mikilli þekju að hann verði ríkjandi en í þessu tilfelli var þekja hans það mikil að rétt þótti að greina það sem sérstakt gróðurfélag. Krækilyng og beitilyng eru einkennandi tegundir með eininum. Gróðurfélagið finnst í miðri Eldvarparöðinni á Reykjanesi.

T21 (*grös og sef*) er sérstakt staðbundið gróðurfélag. Ríkjandi grastegund er skriðlíngresi en mýrasef vex í misþéttum toppum. Gróðurfélagið er að finna á nokkrum hekturum í jaðri votlendis sunnan við Kleifarvatn í Krýsuvík.


T4 (*gulvíðir-starir-grös*) er til í gróðurlykli Náttúrufræðistofnunar. Steindór Steindórsson (1981) telur að það sé eitt af sjaldgæfari gróðurfélögum sem tilheyrir svokölluðu runnadeiglendi. Gulvíðir er ríkjandi í runnalagi, en mýrastör og ýmsar grastegundir eru ríkjandi inn á milli gulvíðirunnanna. Þetta er algengasta deiglendisgróðurfélagið við Geysi en kemur ekki fyrir á öðrum háhitasvæðum. Á landsvísu hefur útbreiðsla þess aukist mikið með hlýnandi loftslagi og með minnkaðri beit á undanförunum árum. Gróðurfélagið er t.d. orðið nokkuð algengt víða á Suðurlandsundirlendinu.

Smádýr

EKKI er kunnugt um tegundir smádýra sem eru alfarið háðar jarðhita á Íslandi. Þó kunna sumar að færa sér hann í nyt á meðan aðrar forðast hann. Þó er afbrigði tvívængjunnar *Scatella tenuicosta* bundið jarðhitanum en móðurformið finnst við vatn um land allt. Afbrigðinu var upphaflega lýst sem fullgildri tegund, *Scatella thermanum* (Collin 1930) en síðari rannsóknir bentu til að um væri að ræða afbrigði af fyrrgreindri tegund (Erling Ólafsson 1991). Í raun eru afbrigðin fjölmörg og breytileg en viss sérkenni þó sameiginleg þeim flestum og má rekja sérkennin til aðlögunar að heita umhverfinu. Eitt athyglisverðasta einkennið er minnkun vængja sem dregur úr flughæfni og gerir það að verkum að flugurnar dreifast varla á milli jarðhitasvæða. Hvert afbrigði er því talið hafa þróast á eigin forsendum hvert á sínu svæði út frá móðurforminu (Erling Ólafsson 1991). Þetta hitaform tegundarinnar *Scatella tenuicosta* er ekki þekkt annars staðar í heiminum en þó er kunnugt um sambærilega aðlögun skyldra tegunda að jarðhita (Miyagi 1977). Þetta fyrirbrigði, *Scatella tenuicosta* f. *thermarum*, hefur mikið rannsóknagildi og um leið hátt verndargildi sem eingöngu verður náð fram með búsvæðavernd.

Fuglar

Allt að 18 tegundir fugla á valista hafa orpið á háhitasvæðunum 18, þar af níu sem einungis verpa við Ytri-Flóa Mývatns (13. viðauki). Válistategundir á því svæði (Námafjall) eru alls 12, mun fleiri en á nokkru öðru svæði (5. mynd). Að sama skapi telst háhitasvæðið sem kennt er við Námafjall hafa mestu þýðingu fyrir fugla á alþjóðavísu, enda verpur stór hluti íslenska flórgoðastofnsins við Mývatn, svo og mikið af húsöndum. Önnur háhitasvæði eru talin hafa litla þýðingu á alþjóðavísu fyrir fugla, nema Reykjanes en þar er eitt af stærstu kríuvörpum landsins og jafnframt í heiminum.



5. mynd. Flokkun svæða með tilliti til fjölda sjaldgæfra tegunda á 18 háhitasvæðum.

6 ÞAKKIR

Margir hafa komið að verkefninu með einum eða öðrum hætti auk höfunda. Ólafur K. Nielsen og Ellý R. Guðjohnsen aðstoðuðu við samantekt gagna. Birta Bjargardóttir, Anette Th. Meier og María Harðardóttir sáu um lokafrágang mynda, yfirfóru handrit og sáu um uppsetningu skýrslunnar. Borgþór Magnússon, Kristbjörn Egilsson og Trausti Baldursson lásu yfir texta. Er þeim öllum þakkað fyrir framlag sitt, auk annarra sem komu að gerð skýrslunnar.

7 HEIMILDIR

Almennar heimildir

- Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2009. Flokkun gróðurs og landgerða á háhitasvæðum Íslands. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-09013. 137 bls. + kortahefti.
- Ásrún Elmarsdóttir, María Ingimarsdóttir, Iris Hansen, Jón S. Ólafsson og Sigurður H. Magnússon 2003. Gróður og smádýr á sex háhitasvæðum. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-03015. 73 bls.
- Bergþór Jóhannsson 2003. Íslenskir mosar. Skrár og viðbætur. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Íslands nr. 44. 138. bls.
- Collin, J.E. 1930. Some new species of the Dipterous genus *Scatella* Dsv. and differentiation of *Stictoscatella* gen. nov. (Ephydriidae). Entomologists mon. Mag. 66: 133–139.
- Crochet, P., Jóhannesson, T., Jónsson, T., Sigurðsson, O., Björnsson, H., Pálsson, F. og Barstad, I. 2007. Estimating the spatial distribution of precipitation in Iceland using a linear model of orographic precipitation. Journal of Hydrometeorology 8: 1285–1306.
- Erling Ólafsson 1991. Taxonomic revision of western Palaearctic species of the genera *Scatella* R.-D. and *Lamproscatella* Hendel, and studies on their phylogenetic positions within the subfamily Ephydrinae (Diptera, Ephydriidae). Ent. Scand. Suppl. 37, 100 bls.
- Erling Ólafsson 2000. Landliðdýr í Þjórsárverum. Rannsóknir 1972–1973. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Íslands nr. 40, 159 bls.
- Guðjón Már Sigurðsson 2007. Smádýr við læki á háhitasvæðinu í Miðdal, Henglinum. Háskóli Íslands, Líffræðiskor, 6 eininga verkefni, 13 bls.
- Halldór Björnsson 2003. The annual cycle of temperature in Iceland. Icelandic Meteorological Office, Report no. 03037, 45 pp.
- Hörður Kristinsson 1998. Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Reykjavík: Mál og menning. 304 bls.
- Hörður Kristinsson, Eva G. Þorvaldsdóttir og Björgvin Steindórsson 2007. Vöktun Válistaplantna 2002–2006. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 50, 86 bls.
- Iris Hansen og Jón S. Ólafsson 2002. Smádýralíf á Helligheiði: við Stóra Reykjafell, Skarðsmýrarfjall, í Helligskarði og Sleggjubeinsskarði. Könnun sumarið 2001. Líffræðistofnun Háskólans. Fjölrit 60. 30 bls.
- Knútur Árnason og Ragna Karlsdóttir 2006. Mat á stærð háhitakerfa með viðnámsmælingum. Unnið fyrir Orkustofnun vegna Rammaáætlunar. ÍSOR-06108.
- Kristján Jónasson og Sigmundur Einarsson 2009. Jarðminjar á háhitasvæðum Íslands Jarðfræði, landmótun og yfirborðsummerki jarðhita. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-09012. 149 bls. + kortahefti.
- Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.
- María Harðardóttir, Erling Ólafsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Sigmundur Einarsson, Sigurður H. Magnússon, Starri Heiðmarsson og Jón Gunnar Ottósson 2008. Verndun svæða, vistgerða og tegunda: Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna náttúruverndaráætlunar 2009–2013. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-08008. 85 bls.

- María Ingimarsdóttir 2000. Smádýralíf á jarðhitasvæðunum á Námafjalli og Jarðbaðshólum í Mývatnssveit. Ritgerð fimm eininga rannsóknaverkefnis. Háskóli Íslands, Líffræðiskor, Reykjavík, 80 bls.
- María Ingimarsdóttir 2004. Áhrif hitafallanda á smádýralíf háhitasvæða á Reykjanesi og við Ölkelduháls. Háskóli Íslands, Reykjavík, 45 eininga MS ritgerð. 60 bls.
- Miyagi, I. 1977. Ephydridae (Insecta: Diptera). Fauna Japonica. Tokyo. 113 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 82. bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 103 bls.
- Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Reykjavík, 7. útgáfa. 64 bls.
- Sarkar, S. og Margules, C.R. 2002. Operationalizing biodiversity for conservation planning. *Journal of Biosciences* 27: 299–308.
- Sigurður H. Magnússon, Borgþór Magnússon, Erling Ólafsson, Guðmundur Guðjónsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Hörður Kristinsson, Kristbjörn Egilsson, Kristinn H. Skarphéðinsson, Starri Heiðmarsson og Jón Gunnar Ottósson 2009. Vistgerðir á miðhálandi Íslands. Flokkun, lýsing og verndargildi. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-09008. 173 bls. + kort.
- Steindór Steindórsson 1981. Flokkun gróðurs í gróðurfélög. *Íslenskar landbúnaðarrannsóknir* 12(2): 11–52.
- Sveinbjörn Björnsson 2006. Orkugeta jarðhita. Í Orkuþing 2006: Orkan og samfélagið – vistvæn lífsgæði. Samorka, bls. 332–342.
- Trausti Baldursson, Ásrún Elmarsdóttir, Kristján Jónasson, Olga Kolbrún Vilmundardóttir og Sigmundur Einarsson 2009. Mat á verndargildi 18 háhitasvæða. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-09014. 53 bls.

Heimildum skipt eftir háhitasvæðum

Reykjanes

- Ásrún Elmarsdóttir, María Ingimarsdóttir, Iris Hansen, Jón S. Ólafsson og Sigurður H. Magnússon 2003. Gróður og smádýr á sex háhitasvæðum. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-03015. 73 bls.
- Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2009. Flokkun gróðurs og landgerða á háhitasvæðum Íslands. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-09013. 137 bls. + kortahefti.
- Eva Guðný Þorvaldsdóttir 1987. Flóra og gróðurfur i Reykjanesfólkvangi. Unnið fyrir stjórn Reykjanesfólkvangs. Fjölrit. 141 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2002. Fuglalíf á fyrirhuguðu stæði 220 kV háspennulínu milli Reykjanes og Svartsengis. Skýrsla til Hitaveitu Suðurnesja, 14 bls.
- Jóhann Óli Hilmarsson 2004. Fuglar við Sýrfell á Reykjanesi. Minnisþuntar vegna færslu á línustæði fyrirhugaðrar 220 kV háspennulínu milli Reykjanes og Svartsengis, 3 bls.

- Kristbjörn Egilsson, Guðmundur Guðjónsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1996. Gróðurfar og fuglalíf á Hafnasandi og í Hafnabergi. Skýrsla unnin fyrir Verkfræðistofu VSÓ. Náttúrufræðistofnun Íslands, 22 bls.
- Kristbjörn Egilsson, Ólafur K. Nielsen og Guðmundur Guðjónsson 2002. Gróðurfar og fuglalíf við Sýrfell og Gráa lónið á Reykjanesi. Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-02003. 20 bls.
- Kristbjörn Egilsson, Guðmundur Guðjónsson, Ásrún Elmarsdóttir, Svenja N. V. Auhage og Rannveig Thoroddsen 2008. Virkjunarsvæði á Reykjanesi. Gróðurfar og kríuvarp. Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-08012. 35 bls. + kort.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Ólafur Einarsson 1989. Fuglalíf á sunnanverðum Reykjaneskaga. Bls. 37–57 í Kristbjörn Egilsson (ritstj.). Náttúrufar á sunnanverðum Reykjaneskaga. Náttúrufræðistofnun Íslands. Unnið fyrir Samvinnunefnd um skipulag Suðurnesja. Reykjavík.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson og Jóhann Óli Hilmarsson 1994. Varpfuglar á Suðvesturlandi. Könnun 1987–1993. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Íslands nr. 25, 126 bls.
- María Ingimarsdóttir 2004. Áhrif hitafallanda á smádýralíf háhitasvæða á Reykjanesi og við Ölkelduháls. Háskóli Íslands, Reykjavík, 45 eininga MS ritgerð. 60 bls.
- Ólafur Einarsson og María Harðardóttir 1998. Athugun á fuglalífi á Reykjanesi vegna fyrirhugaðrar jarðhitanýtingar. Unnið fyrir VSÓ–ráðgjöf. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-98013. 7 bls.
- Ólafur Einarsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jón Gunnar Ottósson 2002. Verndun tegunda og svæða. Tillögur Náttúrufræðistofnunar vegna Náttúruverndaráætlunar 2002. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-02016. 118 bls.
- Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1968. Gróðurland af Íslandi. Blað 75 Hafnir. 1:40.000. Menningarsjóður, Reykjavík.
- Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1989 Kort í handriti. Gróður og jarðakort, Reykjanes 1512 IV SA. Ísland 1:25:000.

Svartsengi - Eldvörp

- Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2007. Gróðurfar á háhitasvæðum. Áfangaskýrsla 2006. Unnið fyrir Orkustofnun. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-07001. 59 bls.
- Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2009. Flokkun gróðurs og landgerða á háhitasvæðum Íslands. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-09013. 137 bls. + kortahefti.
- Kristbjörn Egilsson, Rannveig Thoroddsen, Guðmundur Guðjónsson og Svenja N. V. Auhage 2009. Eldvörp á Reykjaneskaga. Gróðurfar og fuglalíf. Unnið fyrir HS Orku hf. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-09006. 36 bls. + kort.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Ólafur Einarsson 1989. Fuglalíf á sunnanverðum Reykjaneskaga. Bls. 37–57 í Kristbjörn Egilsson (ritstj.). Náttúrufar á sunnanverðum Reykjaneskaga. Náttúrufræðistofnun Íslands. Unnið fyrir Samvinnunefnd um skipulag Suðurnesja. Reykjavík.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson og Jóhann Óli Hilmarsson 1994. Varpfuglar á Suðvesturlandi. Könnun 1987–1993. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Íslands nr. 25, 126 bls.

Náttúrufræðistofnun Íslands. Óbirtar fuglaathuganir.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1968. Gróðurkort af Íslandi. Blað 95 Grindavík. 1:40.000. Menningarsjóður, Reykjavík.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1989. Kort í handriti. Gróður og jarðakort, Hópsnes 1512 I SV. Ísland 1:25:000.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1989. Kort í handriti. Gróður og jarðakort, Vogabeiði 1512 I SV. Ísland 1:25:000.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1989. Kort í handriti. Gróður og jarðakort, Reykjanes 1512 I SA. Ísland 1:25:000.

Krýsuvík

Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2009. Flokkun gróðurs og landgerða á háhitasvæðum Íslands. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-09013. 137 bls. + kortahefti.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Ólafur Einarsson 1989. Fuglalíf á sunnanverðum Reykjanesskaga. Bls. 37–57 í Kristbjörn Egilsson (ritstj.). Náttúrufræðistofnun Íslands. Unnið fyrir Samvinnunefnd um skipulag Suðurnesja. Reykjavík.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson og Jóhann Óli Hilmarsson 1994. Varpfuglar á Suðvesturlandi. Könnun 1987–1993. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Íslands nr. 25, 126 bls.

Náttúrufræðistofnun Íslands. Óbirtar fuglaathuganir.

Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ásrún Elmarsdóttir, Sigurður H. Magnússon og Borgþór Magnússon 2006. Gróðurfur á háhitasvæðum í Krýsuvík, Grændal og á Hveravöllum. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-06007. 77 bls.

Ólafur Einarsson og Jóhann Óli Hilmarsson 2008. Fuglar og gróður á fyrirhuguðum línuleiðum á Reykjanesskaga. Mat á umhverfisáhrifum. Könnun á fuglalífi og gróðri. Unnið fyrir Landsnet h.f., 85 bls.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1968. Gróðurkort af Íslandi. Blað 95 Grindavík. 1:40.000. Menningarsjóður, Reykjavík

Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1989. Kort í handriti. Gróður og jarðakort, Keilir 1512 I NA. Ísland 1:25:000.

Sigurður H. Magnússon 1998. Ástand lands í Krýsuvík sumarið 1997. Áætlun um uppgræðslu. Unnið fyrir bæjarstjórn Hafnarfjarðar. 53 bls.

Brennisteinsfjöll

Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2007. Gróðurfur á háhitasvæðum. Áfangaskýrsla 2006. Unnið fyrir Orkustofnun. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-07001. 59 bls.

- Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2009. Flokkun gróðurs og landgerða á háhitasvæðum Íslands. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-09013. 137 bls. + kortahefti.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson og Jóhann Óli Hilmarsson 1994. Varpfuglar á Suðvesturlandi. Könnun 1987–1993. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Íslands nr. 25, 126 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands. Óbirtar fuglaathuganir.
- Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1968. Gróðurkort af Íslandi. Blað 115 Selvogur. 1:40.000. Menningarsjóður, Reykjavík.

Hengill

- Árni Einarsson 1977. Íslenskir landkuðungar. Náttúrufræðingurinn 47: 65–128.
- Ásrún Elmarsdóttir, María Ingimarsdóttir, Iris Hansen, Jón S. Ólafsson og Sigurður H. Magnússon 2003. Gróður og smádýr á sex háhitasvæðum. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-03015. 73 bls.
- Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2007. Gróðurfur á háhitasvæðum. Áfangaskýrsla 2006. Unnið fyrir Orkustofnun. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-07001. 59 bls.
- Ásrún Elmarsdóttir og Olga Kolbrún Vilmundardóttir 2009. Flokkun gróðurs og landgerða á háhitasvæðum Íslands. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-09013. 137 bls. + kortahefti.
- Arnþór Garðarsson 2002. Könnun á fuglalífi á Hengli og Hellisheiði vorið 2001. Fjölrit Líffræðistofnunar Nr. 58.
- Eva G. Þorvaldsdóttir 2000. Gróður á hverasvæðinu í Hveragerði. Unnið fyrir Bæjarstjórn Hveragerðis. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-00002. 21 bls.
- Guðjón Már Sigurðsson 2007. Smádýr við læki á háhitasvæðinu í Miðdal, Henglinum. Háskóli Íslands, Líffræðiskor, 6 eininga verkefni, 13 bls.
- Guðmundur Guðjónsson 2003. Jarðvarmavirkjun á Hellisheiði. Gróðurkort af verndarsvæði og áhrifasvæði heitavatnslagnar. Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-03011. 7 bls. + kort.
